Akureyrarbær

# Reglur Akureyrarbæjar um úthlutun sérstakra íþrótta- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum á haustönn~~skólaárið 2020-~~2021

**1. gr.**
**Tilefni**

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþrótta- og tómstundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþrótta- og tómstundastarfs, sbr. fjáraukalög fyrir árið 2020, sbr. og lög nr.
158/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.
~~26/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.~~

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

**2. gr.**
**Inntak styrkveitingar**

Fyrir 31. desember~~júlí~~ 2021 skal greiða íþrótta- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2006~~5~~ til 2015~~4~~ sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 787~~40~~.~~0~~200 kr. á mánuði á tímabilinu mars til jún~~l~~í 2021~~0~~, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþrótta- og tómstundastarf á skólaárinu ~~2020-~~2021 ~~og sumarið 2021,~~ allt að 245.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþrótta- og tómstundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi sem stundað er undir leiðsögn þjálfara og leiðbeinenda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Ekki er heimilt að nýta íþrótta- og tómstundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.
~~Íþrótta- og tómstundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Heimilt er að nýta íþrótta- og tómstundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.~~

**3. gr.**
**Umsókn**

Íþrótta- og tómstundastyrk skv. 2. gr., er greiddur samkvæmt umsókn. ~~Umsókn skal berast til Akureyrarbæjar fyrir 31. júlí 2021 og miða skal við að íþrótta- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021 og sumarið 2021.~~

Þegar umsækjandi sækir um almennan frístundastyrk sveitarfélags í rafrænni gátt sveitarfélags/þjónustuveitenda getur hann valið um að óska eftir að kannaður sé réttur barns til íþrótta- og tómstundastyrks skv. reglum þessum. Ef umsækjandi á rétt á styrk skv. reglum

þessum þá leggst sú upphæð við upphæð almenns frístundastyrks sveitarfélagsins þannig að heildarupphæð styrks með hverju barni hækkar því sem nemur. Sé styrkupphæðin ekki nýtt til fulls skal ávallt fullnýta fyrst almennan styrk sveitarfélagsins.

Ef umsækjandi telur að rafræn niðurstaða um rétt barns skv. 2. mgr. sé ekki rétt skal hann beina umsókn um styrkinn til sveitarfélags, sbr. 1. mgr.
~~Áður en sótt er um styrk skal umsækjandi senda beiðni um mat á tekjum í rafræna gátt hjá Ísland.is, þar sem fæst sjálfvirk niðurstaða hvort umsækjandi uppfylli tekjuviðmið 2. gr. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða send sjálfvirk til velferðarsviðs Akureyrarbæjar. Staðfesting á tekjuviðmiði er ekki umsókn til sveitarfélags.~~

~~Þegar sjálfvirk niðurstaða frá Ísland.is liggur fyrir getur umsækjandi sótt um styrk á vefsíðu Akureyrarbæjar eða á velferðarsviði bæjarins. Með umsókninni skulu fylgja gögn er sýna fram á útlagðan kostnað við íþrótta- og tómstundastarf barnsins skólaárið 2020-2021.~~

**4. gr.**
**Málsmeðferð**

~~Umsókn er afgreidd á velferðarsviði Akureyrarbæjar og niðurstaða kynnt umsækjanda svo fljótt sem unnt er. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.~~

Um málsmeðferð, þ.m.t kæruheimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

**5. gr.**
**Gildistaka**

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um sérstaka íþrótta- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið ~~2020-~~2021, öðlast þegar gildi.